

14. Fávita, saklausa barnið.
Hverinn opinn og óbyrgður!
Grein eftir Jón Pálsson, dags.
27. júní 1945.
-

Blaðaúrklippa.
VÍSIR, miðvikudaginn 4. júlí 1945.
MORGUNBLAÐIÐ, 26. júní 1945.

Morgunbl. 26. júní 1945

Þriggja ára stúlka fellur í hver og bíður bana

SÁ hörmulegi atburður gerðist að Reykjavöllum í Biskups-tungum síðastliðinn fimtudag, að þriggja ára telpa, Sigrún að nafni, fjell í hver og brendist svo, að hún ljest nokkru síðar.

Þetta gerðist milli kl. 2 og 3 eftir hádegi. Var Sigrún litla hjá manni er var að vinnu í gróðurhúsi, skamt frá bænum. Er hún fór þaðan ætlaði hún til fóstru sinnar, er var við þvott í húsi, sem stendur við hverinn. Með hverjum hætti litla stúlkan fjell í hverinn, er ekki vitað, en fljótlega tókst að ná henni upp úr honum.

Hjerslæknirinn var ekki við og varð að sækja lækni niður á Stokkseyri. Kom hann að Reykjavöllum um klukkan 5. Ekki var hægt að bjarga lífi Sigrúnar og ljest hún skömmu eftir að læknirinn var kominn.

Sigrún var fósturdóttir hjónanna Jakobs Erlendssonar og Vilborgar Guðnadóttur, að Reykjavöllum.

Jón Pálsson.